

Fundargerð

Skólaráð Víðistaðaskóla

1.fundur 17.október 2025

Mætt til fundar: Dagný Kristinsdóttir skólastjóri, Annetta Franklín Karlsdóttir fulltrúi kennara, Sigríður Sól Hreinsdóttir fulltrúi kennara, Ríkharður Örn Ragnarsson fulltrúi foreldra, Brynja Einarsdóttir fulltrúi foreldra, Ester Petra Gunnarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Rakel Sunna Magnúsdóttir fulltrúi nemenda, Lilja Bergrós Kristjánsdóttir fulltrúi nemenda.

1. Starfsáætlun skólaráðs fyrir skólaárið 2025-2026

Farið yfir starfsáætlun fyrir veturinn. Skólastjóri leggur til fimm fundi. Ákveðið að hafa fundi á föstudagsmorgnum, um miðjan mánuð.

16.október	Funda og starfsáætlun rædd og sett niður. Skipulag og áherslur vetrarins Viðburða og skóladagatal Skólabyrjun- kennsluskipulag, starfsmannahald, teymi o.fl. Önnur mál
16.janúar	Tómstunda- og félagsstarf nemenda kynnt. Fulltrúar nemendafélags Víðistaðaskóla. Söngleikurinn – leikstjóri o.fl. Niðurstöður lýðræðisþings nemenda – fulltrúar lýðræðisnefndar. Önnur mál.
27.febrúar	Skólahúsnæðið og skólalóðin. Öryggi og aðbúnaður, áhættumat og fleira. Kynning á niðurstöðum nemendakannana. Önnur mál
10.apríl	Skóladagatal 2026-2027. Starfsáætlun, skólanámskrá kynnt Opinn fundur skólaráðs – fræðsla tillaga Önnur mál
22.maí	Mat á skólastarfi og umbótaáætlun. Niðurstöður nemenda/foreldra/starfsmannakannana. Undirbúningur fyrir næsta skólaár. Önnur mál.

2. Viðburða og skóladagatal

Farið yfir skóladagatal sem er á heimasíðu skólans. Viðburðadagatal með upptákum verður sett inn, er í lokarennslu.

3. Skipulag og áherslur vetrarins, teymi og fleira

Skólastarfið hefur farið af stað á hefðbundinn hátt. Fagteymi kennara fóru af stað sl. miðvikudag. Stóra verkefni hjá kennurum í vetur verður innleiðing nýrrar aðalnámskrár. Þetta er stórt verkefni sem tekur 2-3 ár í innleiðingu. Stjórnendur hafa fylgst með því sem er að koma og sótt fundi hjá MMS um mögulegar innleiðingarátætlanir og hvaða skref er gott að taka. Skólinn er símalaus sem fyrr. Í haust var tekin sú ákvörðun í unglingadeildinni að horfa til símalausra kennslustunda. Það hefur gengið vel. Í framhaldinu verður horft til fleiri svæði og frímínútna.

Lýðræðisþing unglinga fór fram í byrjun september. Horft var til aðstöðu nemenda og fleiri þátta. Lýðræðisþing yngsta og miðstigs verður haldið 18.nóvember

4. Skólapúls, fyrsta fyrirlögn

Skólapúlsinn er farinn í gang. Niðurstöður úr fyrstu fyrirlögn komu í vikunni. Úrtakið er ekki mikið en safnast saman í vetur sem gefur skýrari niðurstöður. Unnið verður með niðurstöðurnar á vettvangi stjórnenda og kennara.

Við sjáum breytingu á ánægju af lestri og þrautseigju í námi og trú á eigin getu. Það er jákvætt og gefur okkur til kynna að nemendur hafi meir trú á sér. Í okkar skóla er áberandi hærra hlutfall nemenda sem eiga snjallsíma, 92.7% eða 15% yfir landsmeðaltali.

Eins er áberandi umræða um matarmálin, en ánægja með matinn hrapar á milli ára. Ein skýring er nýtt fyrirtæki sem sér um matarmálin.

Opnar spurningar eru í lok könnunar þar sem spurt er um það hvað nemendum finnst gott við skólann og hvað megi betur fara. Margir nefndu matinn sem tækifæri til úrbóta.

Almenn umræða um Skólapúlsinn og þessar niðurstöður. Skólaráð fylgist með niðurstöðunum á hverjum fundi.

5. Önnur mál

- a) Farið yfir viðburði sem eru á döfinni.
- b) Spurt um öryggismál á skólalóðinni.

Í skólanum er starfandi öryggisteymi sem hefur það hlutverk að gæta þess að allt sé í standi. M.a. hlutverk þess er að hafa brunaæfingar og kanna hvort húsnæði og lóðir séu í lagi, öryggislega. Húsvörður kemur á fund ráðsins eftir áramótin og fer yfir stöðuna. Einnig rætt um skólalóðina og stöðuna á henni. Gott að foreldrar og skólinn séu samtaka í þessari umræðu.

- c) Rætt um póst sem barst frá skólastjóra í gær um gervigreindarnotkun. Atburðir af þessu tagi teljast stafrænt ofbeldi/einelti og mikilvægt að það sé ávarpað.

Allir aðilar sammála um mikilvægi þess að eiga samtal við foreldra og nemendur. T.d. með því að halda foreldrakvöld í árgöngum þar sem kynning og fræðsla um þessi mál væru til umræðu. Rætt um að fræða nemendur um áhrif þess að eiga við myndir af fólki og deila á netinu.

Einnig var til umræðu hvaða aðila væri hægt að fá til samtalsins, t.d. innan lögreglunnar, samfélagslögreglan var nefnd. Einnig var rætt um að hafa stífar reglur og skýr viðurlög.

Fundi var slitið 9:13

Fundargerð ritaði Dagný Kristinsdóttir